

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 71/1992. **Jóhanna Tryggvadóttir**
 gegn
Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Útivist. Aðild. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1992 og gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í málinu. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Málið er skriflega flutt samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda sem einkaeiganda Heilsuræktarinnar Glæsibæ stefnt fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar í janúar 1992 vegna vangreiddra iðgjalda til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, félagsgjalda til Verslunarmannafélags Reykjavíkur (V.R.) svo og gjalda til Orlofsheimilasjóðs V.R. og Sjúkrasjóðs V.R. Útivist varð af hálfu áfrýjanda í héraði. Með hinum áfrýjaða dómi var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnukröfur málsins auk málskostnaðar.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu á því, að Heilsuræktin Glæsibæ sé sjálfseignarstofnun og að áfrýjandi sé stofnandi og stjórnarformaður hennar, en ekki einkaeigandi.

Hér fyrir dómi hefur stefndi fallið frá kröfu um, að áfrýjanda verði gert að greiða skuld Heilsuræktarinnar Glæsibæ, og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jóhanna Tryggvadóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. 1. 1992, hefur Lífeyrissjóður verslunarmanna, kt. 430269-4459, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. 12. 1991, á hendur Jóhönnu Tryggvadóttur, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, vegna Heilsuræktarinnar Glæsibæ, kt. 600169-5729, Álfheimum 74, Reykjavík, sem einkaeiganda.

Dómkröfur. Fyrir dóminum er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 245.772 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Málavextir. Hin umstefnda skuld stefndu sé vegna vangreiddra iðgjalda til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, félagsgjalda til Verslunarmannafélags Reykjavíkur (V. R.) svo og gjalda til Orlofsheimilásjóðs V. R. og Sjúkrasjóðs V. R. fyrir eftirtalda starfsmenn fyrirtækisins fyrir tímabilið apríl 1989 til og með maí 1990:

Stefnda hefur hvorki sótt þing né látið sækja, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 45.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri dráttarvexti samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 2. 2. 1992 til greiðsludags.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Jóhanna Tryggvadóttir, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, vegna Heilsuræktarinnar Glæsibæ, Álfheimum 74, Reykjavík, sem einkaeigandi greiði stefnanda, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, Reykjavík, 245.772 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. 6. 1991 til greiðsludags og 45.000

kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, en málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 2. 2. 1992 til greiðsludags, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
